

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. nóvember 1915.

Nr. 42/1915.

Skiftaráðandinn í Reykjavík  
f. h. protabús Filippusar Ámundasonar  
gegn  
Sigríði E. Ottesen.

D ó m u r :

Skiftaráðandinn í Reykjavík höfðaði fyrir hönd protabús Filippusar Amundasonar mál þetta fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn stefndu, frú Sigríði E. Ottesen, til greiðslu á 5000 kr. skuld til nefnds protabús samkvæmt skuldabréfi útgefnu af henni 14. jan. 1905, en með dómi nefnds réttar 2. marz þ. á. var málinu vísað frá rétti.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-dómsins með stefnu, dags. 7. júlí þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, málinu heimvísað til nýrrar meðferðar frá því það var tekið til dóms og undirdómarinn skyldaður til þess, að kveða upp dóm um efni málsins og að stefnda frú Sigríður E. Ottesen verði dæmd til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefnda hefir hins vegar krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirrétti, en til vara að hinn áfrýjaði

dómur verði staðfestur og henni tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Kröfu sína um frávisun málsins frá yfirdómi byggir stefnda á því, að áfrýjunarstefnan hafi ekki verið löglega birt undirdómaranum. Stefnan var birt á heimili undirdómarans fyrir skrifara hans með því hann sjálfur var fjarverandi. Þessi birting stefnunnar verður að teljast lögleg.

Frávisun málsins frá undirrétti er bygð á því, að ekki sjáist að sátt hafi verið reynd í málinu, svo og á því, að mál um sama efni hafi samtímis verið rekið fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu.

Eftir uppáskrift sáttanefndarinnar á sáttakæruna var sáttafundur haldinn 18. jan. þ. á. á þeim stað og stundu, er stefnda var kölluð til í þinghúsi sýslunnar kl. 12 á hádegi nefndan dag. Á sáttafundinum mætti kærandinn, svo og 2. sáttanefndarmaður, en kærða mætti ekki, og hafði þó fyrirfallið verið löglega birt henni og með nægum fyrirvara, en á fundinn kom maður hinnar stefndu, án þess þó að leggja fram skriflegt umboð eða geta þess á annan hátt, að hann væri mættur fyrir konu sína. 1. sáttasemjari mætti eigi, sökum snögglegra veikindaforfalla, og tók þá 2. sáttasemjari annan mann í hans stað sér til aðstoðar, en áður en sáttanefndin tók til starfa, vék maður hinnar stefndu af sáttafundinum. Var þá sáttatilraun árangurslaus og málinu, samkvæmt kröfu kærandans, vísað til aðgjörða dómstólanna.

Stefnda heldur því fram hér fyrir réttinum að maður sinn hafi ætlað að mæta fyrir hana við sáttumleitunina, en þar sem 1. sáttasemjari hafi ekki

mætt á sáttafundinum og sáttabókin hafi heldur ekki verið til staðar í fundarbyrjun, hafi hann ætlað að ekkert yrði úr sáttafundinum og því farið af fundi.

Samkvæmt framlögðu vottorði 2. sáttasemjara var fyrst beðið eftir 1. sáttamanni, en kl. 15 mínútur yfir 12 hafi komið sendimaður frá honum með skilaboð um að hann gæti ekki mætt, sökum snögglegra veikinda, en með því að sáttabókin, sem var geymd hjá 1. sáttamanni, vantaði, hafi kærandinn, með leyfi 2. sáttasemjara, farið í næsta hús til að síma til 1. sáttamanns um að senda bókina þegar í stað; hafi svo kærandinn komið að vörmu spori aftur og sáttabókin rétt á eftir, eða kl. 20 mínútur yfir 12. En á meðan þessu hafi farið fram, hafi maður hinnar stefndu farið af fundinum, án þess að leggja fram skriflegt umboð frá konu sinni eða geta þess á nokkurn hátt að hann væri mættur fyrir hana eða gera nokkra ráðstöfun um málið.

Eftir því sem þannig er upplýst um það sem fram hefir farið á sáttafundinum verður að líta svo á, að hin stefnda hafi ekki mætt þar eða látið mæta þar og hafði þá sáttanefndin heimild og skyldu til þess, að vísa málinu til dómstólanna samkvæmt kröfu kæranda.

Um hina ástæðuna fyrir frávisun málsins hefir áfrýjandi gefið þá skýrslu, sem ekki hefir verið veffengd, að mál það, sem átt er við í forsendum undirdómsins, hafi verið búið að hefja frá rétti áður en hinu síðara máli var stefnt þangað, og var því heldur eigi af þeirri ástæðu rétt að frávísa málinu.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn áfrýj-

aða dóm úr gildi og vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar. Svo ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal úr gildi feldur, og er málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar.

Stefnda, Sigríður E. Ottesen, greiði áfrýjanda, skiftaráðandanum í Reykjavík, f. h. þrotabús Filippusar Ámundasonar 40 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. nóv. 1915.

Nr. 59/1915.

Ólafur Helgason

gegn

ráðh. Íslands f. h. landssjóðs.

D ó m u r :

Þriðjudaginn 15. desbr. f. á. kom eldur upp í sölubúð kaupfélagsins »Ingólfur« á Háeyri á Eyrarbakka og vörugeymsluskúr, áföstum vesturhlið sölubúðarinnar. Varð eldsins vart um kl. 8 um morguninn, og brunnu bæði húsin niður til grunna. Við